



## Stofnanasamningur

milli Ljósmæðrafélags Íslands og Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) um forsendur röðunar starfa

Samkomulag þetta byggir á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar

og Ljósmæðrafélag Íslands hins vegar

### 1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi nær til allra ljósmæðra á HVE sem starfa og njóta ráðningarkjara samkvæmt gildandi kjarasamningi Ljósmæðrafélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

### 2. Framkvæmd röðunar og mats

Við framkvæmd á samningi þessum skal byggja á grunnforsendum kjarasamnings og horft til staðsetningar starfa í skipuriti stofnunarinnar, eðlis starfa, ábyrgðar og umfangs. Miða skal við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið. Röðun skal byggð á hlutlægum mælikvörðum eftir því sem unnt er.

### 3. Starfaflokkun og röðun, sbr. fylgiskjal 1

#### Starfaflokkur

#### Launafl. á bili

Ljósmóðir A.....092 (Fyrstu 6 mánuði í starfi)

Ljósmóðir B.....102 (Eftir 6 mánuði í starfi)

Sérfræðingsstarf .....120

Deildarstjóri legudeild/heilsugæslu.....140

Nánari lýsingar og skilgreiningar á starfaflokkun þessari er að finna í fylgiskjali 1, með samningi þessum.

Vegna breytinga á starfsemi HVE geta orðið til ný störf sem ekki falla að starfaflokkun þessari sem þarf að raða sérstaklega. Leiði ný störf eða starfsemi til þess að forsendur þessa samnings teljist brostnar eða breyttar frá því sem nú er, skal samstarfsnefnd taka afstöðu til breytinga á röðunarreglum.

Gæta skal samræmis þegar störfum/starfsmönnum á mismunandi einingum HVE er raðað. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti skal skoðast sem fordæmi gagnvart öðrum starfsmönnum, svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Til viðbótar við röðun starfs skal taka mið af persónubundnum þáttum í starfi, sbr. nánar gr. 4 hér á eftir.

Aðilar eru sammála um að 1,65% til útfærslu menntunarákvæðis sem taka átti gildi 1. júní 2016 sé innifalið í grunnröðun og starfsþróun ljósmæðra út árið 2018.

### 4. Persónubundnir þættir til ákvörðunar um viðbótarpætti

#### 4.1 Viðbótarnám og námskeið sem nýtist í starfi (hámark 6 prep).

- Námskeið og fagráðstefnur 60 kennslustundir
- Námskeið og fagráðstefnur 180 kennslustundir

1 prep

1 prep

- Diplómanám, 30 ECTS einingar	2 þrep
- Diplómanám, 60 ECTS einingar	3 þrep
- Meistarapróf, 120 ECTS einingar	4 þrep
- Doktorspróf	6 þrep

Samkvæmt þessu getur starfsmaður hækkað um allt að 6 álagsþrep, til viðbótar við röðun starfs, vegna viðbótarnáms.

Námskeið sem eru umfram grunnkröfu starfs gefa 0,66 ECTS einingar fyrir hverjar 4 klukkustundir í námskeiðum.

Þetta eru persónubundnir þættir og skv. því eiga þeir að færast inn á þrepa ásinn sbr. Gerðardóm. Ef gerð er krafa um meistarapróf skal greiða 2 launaflokkum herra fyrir meistaragráðu og sé gerð krafa um doktorspróf skal sú hin sama raðast 3 launaflokkum herra en ella. Ef ekki er krafa um þessar gráður í starflýsingu færast þær á persónulega ásinn.

### Framkvæmd/gögn

Þegar sótt er um mat á námskeiði/um, viðbótarnámi eða annarri viðbótarmenntun til yfirmanns skal senda eftirfarandi til framkvæmdastjóra hjúkrunar.

- a. Lista yfir námskeið þar sem fram kemur heiti námskeiðs, tímafjöldi og dagsetningar.
- b. Ljósrit af skjali sem sannar þáttöku viðkomandi.
- c. Ef um er að ræða þáttöku í námskeiði: sundurliðun á fyrilestrum, umræðum og öðru námsefni og lengd.
- d. Nám sem sérstaklega er ætlað viðkomandi fagaðila hjá viðurkenndri stofnun og gefur ákveðinn fjölda háskólaeininga skal metið.
- e. Umframeiningar þarf að skoða sérstaklega.

### 4.2 Reynsla/starfsaldur

Starfsþróun ljósmæðra er eftirfarandi:

- 1 þrep eftir 5 ár í starfi.
- 1 þrep eftir 10 ár í starfi.
- 1 þrep eftir 15 ár í starfi.
- 1 þrep eftir 20 ár í starfi.

### 4.3 Framistöðumat – starfsþróunarkerfi

Aðilar sammála um að vinna framistöðumats- starfsþróunarkerfi á árinu 2018. Kerfið felur meðal annars í sér viðmið við launaröðun tengt starfsþróun. Nefnd, skipuð tveimur fulltrúa ljósmæðra og tveimur fulltrúum HVE, verður sett á laggirnar. Nefndin skal hafa umsjón með og gera tillögur um mat á námskeiðum, öðru námi og starfstengdum þáttum. Niðurstaða skal liggja fyrir í síðasta lagi þann 31. desember 2018.

## 5. Næturvinna

Sé gert ráð fyrir að 50% af fullu starfi eða meira sé unnið að næturlagi, þ.e. á tímabilinu 23:00 til 08:00, skal þess sérstaklega getið í starflýsingu og ráðningarsamningi (eða breytingatilkynningu) við viðkomandi starfsmann. Ef gert er ráð fyrir að 50-59% af fullu starfi sé unnið á þennan hátt greiðist álag sem nemur fjórum álagsþrepum. Sé hins vegar gert ráð fyrir að 60% eða meira af fullu starfi sé unnið að næturlagi greiðast fimm álagsþrepum.

## **6. Réttur til endurmats á röðun**

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar, sbr. 11. kafla kjarasamnings.

## **7. Sérstakt tímabundið álag/verkefni**

Gera skal samning við ljósmæður sem að taka að sérstök verkefni sem fela í sér tímabundið álag. Í slíkum tilvikum skal gera skriflegan viðbótarsamning við ljósmæður um tímabundna hækjun launa í formi álagsþrepa, eingreiðslna eða auka yfirvinnutíma. Samningar sem þessir taka til tímabundinna verkefna sem krefjast aukinnar ábyrgðar t.d verkefnastjórnun, þáttöku í nefndum, sérstök álagstímabil og manneklu. Greitt verður eitt þrep ofan á grunnlaun þegar mönnun er undir lágmarki yfir langan tíma í þrjá mánuði.

Ljósmæður á legudeildum sem eru einar á vakt þar sem mönnunarmódel gera ráð fyrir fleirum og eru þ.a.l. undir auknu á lagi og aukinni ábyrgð, fá greiddan 1 yfirvinnutíma fyrir hverja 8 tíma vakt og hlutfallslega fyrir lengri og skemmtiri vaktir.

## **8. Gildistaka**

Við gildistöku þessa samnings falla úr gildi allir eldri stofnanasamningar, bókanir og aðrar viðbætur. Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2018.


Akranes, 25. janúar 2018.

f.h. Heilbrigðisstofnun Vesturlands



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Hsag Hsag" above "Förzunnar Stefánsd.", written over a stylized "V" shape.

f.h. Ljósmæðrafélag Íslands



A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Hrafn Gíslason Ölafsson" above "Johanna Ólafsd.", written over a stylized "I" shape.

# Fylgiskjal 1

## Starfaflokkun

Við ákvörðun um röðun starfa innan þess svigrúms sem um er að ræða skal taka tillit til staðsetningar starfs í skipuriti, eðlis starfsins, ábyrgðar og umfangs og miða við að um sé að ræða viðvarandi /stöðugt verksvið, sbr. 2. gr. hér að framan.

### Nánar um starfaflokkun sbr. 3. gr.

**Ljósmóðir 1 :** Er byrjandi í starfi. Nýtur tilsagnar eða bakvaktar reynds fagaðila við störf sín og starfar sjálfstætt að því marki sem yfirmaður ákveður.

**Ljósmóðir 2:** Er fær í starfi. Stjórnar, ákveður, skipuleggur og framkvæmir starf sitt og þau verkefni sem því fylgja. Skipuleggur og veitir fræðslu, auk þess að leiðbeina samstarfsmönnum og nemum. Tekur virkan þátt í þróun fags á sinni einingu og er þátttakandi í gæðastarfi. Hefur umsjón með starfsstöð/deild utan dagvinnutíma þar sem það á við. Skipuleggur störf annarra starfsmanna og útdeilir verkefnum. Skipuleggur og veitir fræðslu til sjúklinga/skjólstæðinga og aðstandenda .

**Sérfræðingsstarf:** Starf samkvæmt sérstakri starfslýsingu þar sem gerð krafa um sérfræðileyfi í viðkomandi fræðigrein á fagsviði starfs. Viðkomandi starfsmaður hefur meistara- eða doktorsnám að baki og skal hafa leyfi ráðuneytis til að kalla sig sérfræðing í viðkomandi fræðigrein. Nánari skilgreiningu starfs er að finna í starfslýsingu.

**Deildarstjóri:** Deildarstjóri ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri deildar sinnar. Staða deildarstjóra felst í stjórnnum, áætlunargerð og samhæfingu við stefnu stofnunar. Hann ber ábyrgð á faglegi framþróun, vinnuskipulagi, daglegum rekstri og samskipti við aðrar deildir og stofnanir. Hann metur fræðsluþarfir samstarfsfólks og hefur frumkvæði að fræðslu. Deildarstjóri sér um starfsmat. Ásamt því að hafa ákveðin skilgreind verkefni samkvæmt sérstakri starfslýsingu.

## Bókun

### Bókun I

Aðilar eru sammála um að ljósmæður sem sinna göngudeildarþjónustu á Kvennadeild skulu fá einn auka frídag á ári. Hann skuli tekinn utan við hefðbundið orlofstímabil og þegar aðstæður á deild leyfa. Að jafnaði skulu ekki þurfa að kalla út aukavakt vegna þessa.

THÖ.

4  
Jón